

## Skýrsla

### heilbrigðisráðherra um áætlun um framkvæmd lýðheilsustefnu til fimm ára.

Í lýðheilsustefnu til ársins 2030, sem var samþykkt á Alþingi í júní 2021, er mörkuð metnaðarfull framtíðarsýn í lýðheilsumálum. Í stefnunni kemur fram að heilbrigðisráðherra leggi árlega fram á Alþingi aðgerðaáætlun til fimm ára sem dregur fram forgangsöröðun í lýðheilsustefnu stjórnvalda. Þetta er önnur aðgerðaáætlun lýðheilsustefnu sem er lögð fyrir Alþingi og gildir hún fyrir árin 2024 til og með 2028. Árlega verður forgangsöröðun aðgerða endurmetin í takt við samþykkt fjárlög frá Alþingi.

Í lýðheilsustefnu eru sett fram sjö lykilviðfangsefni með stefnumiðum sem eiga að varða þá leið sem nauðsynlegt er að feta til að styrkja stöðir lýðheilsustarfs á Íslandi og horft er til við uppbyggingu aðgerðaáætlunar:

1. Forysta til árangurs.
2. Rétt þjónusta á réttum stað.
3. Fólkið í forgrunni.
4. Virkir notendur.
5. Skilvirk þjónustukaup.
6. Gæði í fyrirrúmi.
7. Hugsað til framtíðar.

Almenn og góð lýðheilsa er burðarstólpi fyrir heilbriggt og gott samfélag. Því eru lýðheilsuverkefni sem stuðla að heilsuefningu og forvörnum sérstaklega mikilvæg. Hugsu þarf til framtíðar, nýta tæknilausnir auk þess að deila þekkingu og reynslu um árangursríkar lausnir. Til að meta árangur í lýðheilsustarfi er mikilvægt að safna gögnum um framkvæmd, meta framvindu og deila upplýsingum um niðurstöður og árangur lýðheilsuverkefna. Meginmarkmið aðgerðaáætlunar lýðheilsustefnu fela í sér að vinna að góðri heilsu fyrir alla og auka velsæld, vinna gegn skaðlegum lífsstíls- og umhverfisþáttum og draga úr félagslegum ójöfnuði í heilsu.

Embætti landlæknis hefur síðan árið 2016 gefið út lýðheilsuvísa á landsvísu og fyrir heilbrigðisumdæmi. Unnið er að frekari þróun þeirra, t.a.m. að bæta við vísu sem hafa víðtækari skírskotun, svo sem varðandi loftslagsmál og velsæld.

Ósmitbærir sjúkdómar eins og krabbamein, sykursýki og hjarta- og æðasjúkdómar hafa marga sameiginlega áhættuþætti. Því tengist aðgerðaáætlun þessi öðrum sértækari aðgerðaáætlunum og stefnumótandi áherslum, svo sem um heilsuefningu aldraðra, geðheilbrigðismál, krabbameinsáætlun, næringu, hreyfingu, offitu og holdafar, beitingu efnahagslegra hvata til eflingar lýðheilsu og áherslum í umhverfis- og loftslagsmálum.

Undanfarin ár hafa verkefni og aðgerðir sem ráðist hefur verið í á sviði krabbameinsmála byggt á tillögum ráðgjafahóps heilbrigðisráðherra sem vann að mótun íslenskrar krabbameinsáætlunar og skilaði tillögum sínum árið 2016. Áætlunin tekur til margra þátta, s.s. faraldsfræði krabbameina, skráningar, forvarna og rannsókna. Heilbrigðisráðherra skipaði fyrir

á árinu samráðshóp til að vinna áætlun um aðgerðir í krabbameinsmálum til næstu fimm ára. Auk þessa hefur ráðuneytið ásamt hlutaðeigandi stofnunum unnið markvisst að því að undirbúa skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi.

Regluleg hreyfing hefur vel staðfestan heilsufarslegan ávinning – bæði líkamlegan, andlegan og félagslegan. Að sama skapi er kyrrseta ógn. Það eru fáir þættir í lífsstíl fólks sem hafa jafn mikil verndandi áhrif á heilsuna og hreyfing. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gefið út stefnumið og áherslur varðandi gildi hreyfingar og sérfræðingar í lýðheilsuáttum innan Norðurlandanna hafa myndað tengslanet og vettvang til að styðja við þetta málefni sérstaklega. Embætti landlæknis gaf nýverið út ráðleggingar um bæði hreyfingu og takmörkun kyrrsetu og um næringu.

Starfshópur sem heilbrigðisráðherra skipaði til að fjalla um málefni sem varða offitu, holdafar, heilsu og líðan og leggja til drög að stefnumarkandi áherslum í forvörnum, heilsuefningu og meðferð skilaði skýrslu til ráðherra fyrir á árinu. Í skýrslu starfshópsins eru skilgreind markmið ásamt tillögum um aðgerðir með áherslu á að efla lýðheilsu og draga úr neikvæðum heilsufarslegum afleiðingum offitu án þess að valda skaða. Unnið verður áfram með framsett markmið og tillögur.

Beiting hegðunarvísinda til heilsuefningar og forvarna er áhersluverkefni hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni árin 2022-2027. Í þeirri aðferðafræði er unnið að því að efla notkun gagnreyndra leiða til að skilja betur og takast á við heilsuhegðun til eflingar á lýðheilsu og er áhersla lögð á rannsóknir, gagnreynt efni, þjálfun og stuðning. Haldin var vinnustofa um beitingu hegðunarvísinda með helstu haghöfum á Íslandi fyrir á árinu.

Í lýðheilsustefnu til ársins 2030 er lögð áhersla á mikilvægi skýrrar stefnumörkunar og aðgerða í málefnum áfengis- og vímuvarna. Heilbrigðisráðherra hefur þegar skipað starfshóp sem í sitja fulltrúar haghafa málaflokksins en hópnun er ætlað að móta heildarstefnu í áfengis- og vímuvörnum. Auk þess hefur verið skipuð þingmannanefnd sem mun funda reglulega með starfshópnum. Stefnan mun taka til forvarna, meðferðar og eftirfylgni, endurhæfingar og lagaumhverfis. Jafnframt mun hún taka mið af mismunandi þörfum ólíkra hópa, svo sem ungmenna, kvenna, aldraðra, hinsegin fólks og einstaklinga með alvarlegan langvinnan fíknivanda.

Jafnframt hefur heilbrigðisráðherra skipað starfshóp sem hefur það hlutverk að semja stefnu stjórnvalda í skaðaminnkun og leggja til aðgerðaáætlun sem byggist á stefnunni, en slík stefna hefur ekki áður verið gerð hér á landi. Hugmyndafræðin á bak við skaðaminnkun er að draga úr eða fyrirbyggja skaða og neikvæðar afleiðingar af notkun vímuefna.

Undir lok ársins 2023 samþykkti Alþingi lög nr. 110/2023 sem innleiddu tóbaksvarnartilskipun Evrópusambandsins 2014/40/ESB. Markmið tilskipunarinnar er meðal annars að vinna gegn tóbaksnotkun ungs fólks og takmarka framboð á tóbaki og eftirlíkingu á tóbaki sem er sérstaklega ætlað að höfða til þess.

Þá er starfshópur að störfum sem heilbrigðisráðherra skipaði í þeim tilgangi að endurskoða í heild sinni lög um geislavarnir, en þau lög eru komin til ára sinna og er meginmarkmiðið með nýju frumvarpi til geislavarnalaga að færa lögina nær þeim öryggiskröfum sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin gerir og jafnframt færa lögina og framkvæmd þeirra nær sambærilegri löggjöf, aðallega á Norðurlöndunum.

Þess ber að geta að nú bíður frumvarp til nýrra sóttvarnalaga afgreiðslu Alþingis. Miðast breytingar aðallega að því að kveða með skýrari hætti á um stjórnsýslu sóttvarna og er jafnframt horft til þeirra afleiddu áhrifa sem frumvarpið getur haft á heilbrigði og lýðheilsu alls samfélagsins.

Alþjóðastofnanir á sviði heilbrigðismála, matvæla og umhverfis hafa bent á að útbreiðsla sýklalyfjaónæmis sé ein helsta heilbrigðisógn manna í dag. Þessar stofnanir hafa einnig hvatt þjóðir til að grípa til allra mögulegra ráða til að stemma stigu við útbreiðslunni undir yfirskriftinni „Ein heilsa“ (e. One Health) þar sem hugmyndafræðin er sú að heilbrigði manna, dýra og umhverfis sé samtengt, að sjúkdómar geti mögulega borist í menn frá dýrum og umhverfi, og öfugt, sem bregðast þurfi við með heildstæðum hætti. Unnið hefur verið að þessum málum í samstarfi heilbrigðisráðuneytisins, matvælaráðuneytis og umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytis og skilaði starfshópur fyrr á árinu aðgerðaáætlun til næstu 5 ára til að sporna við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. Aðgerðaráætlunin tekur til sex aðgerða sem fela í sér 24 markmið og 75 verkefni sem koma munu til framkvæmda á tímabili áætlunarinnar og mun starfshópurinn fylgja eftir áætluninni. Flest verkefni eru langtímaverkefni sem fela í sér breytt vinnulag til framtíðar en sum verkefnanna eru átaksverkefni sem hægt er að ljúka á nokkrum árum.

Starfshópurinn vinnur að því að uppfæra aðgerðir í sjálfsvígsforvörnum, aðlaga þær nýjustu vísindum og tengja aðgerðir við núgildandi stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum auk lýðheilsustefnu og heilbrigðisstefnu. Til að styðja enn frekar við sjálfsvígsforvarnir var varanleg fjárveiting veitt til stöðugildis verkefnastjóra sjálfsvígsforvarna hjá embætti landlæknis. Lífsbrú, miðstöð sjálfsvígsforvarna, var stofnuð árið 2023 og starfar undir merkjum embættis landlæknis með það að markmiði að vinna að sjálfsvígsforvörnum í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda.

Íslenskt forvarnarskipt er í fremstu röð og hefur árangur í áfengis-, tóbaks- og vímuforvörnum ungmenna hér á landi vakið athygli út fyrir landsteinana. Íslenska forvarnarmódelið hefur verið viðurkennt fyrir árangur sinn í að draga úr áfengis- og vímuefnanotkun meðal ungs fólks. Þessi árangur hefur náðst með því að virkja alla aðila samfélagsins, þar á meðal ríkið, sveitarfélög, skóla, hverfi, íþróttafélög, foreldra og ungmenni sjálf. Íslenska forvarnarmódelið hefur sýnt fram á mikilvægi þess að nýta nærumhverfi fólks til að ná fram jákvæðum breytingum. Mikilvægt er að standa vörð um þann góða árangur sem hefur náðst hér á landi. Rannsóknir sýna að aukið aðgengi að áfengi hefur slæm áhrif á heilsufar auk þess að hafa neikvæðar félagslegar afleiðingar í för með sér. Þennan árangur má ekki gefa eftir því í honum felast ómæld verðmæti fyrir íslenskt samfélag. Standa þarf vörð um íslenska forvarnarmódelið og gagnreynda áfengisstefnu sem m.a. felst í takmörkun á aðgengi með því að viðhalda einkasölufyrirkomulagi ríkisins. Mikilvægt er að nýta þessa aðferðafræði til að takast á við nýjar áskoranir er tengjast öðrum ávanabindandi efnum eins og nikótíni og koffíni. Jafnframt bera nýleg gögn með sér að andleg líðan ungmenna hafi farið versnandi og einmanaleiki hafi aukist.

Heilbrigðisáætlun Evrópusambandsins (e. EU4Health 2021-2027) veitir styrki til ýmissa verkefna, t.a.m. á sviði lýðheilsu. Ísland tekur þátt í nokkrum slíkum verkefnum og mikilvægt er að hvetja til áframhaldandi þátttöku og samstarfs við önnur ríki Evrópu á þeim vettvangi. Ísland tekur auk þess virkan þátt í norrænu samstarfi á sviði lýðheilsu s.s. starfi Norræna lýðheilsuvettvangsins sem er á vegum Norræna ráðherranefndarinnar auk þess að taka þátt í alþjóðasamstarfi. Ísland varð í apríl síðastliðnum aðili að norræna samstarfsvettvanginum um framkvæmd heilbrigðistæknimats (e. Health Technology Assessment) þar sem klínísk og efnahagsleg áhrif eru metin sem tryggir að ný lyf séu bæði áhrifarík og hagkvæm fyrir heilbrigðiskerfi landanna.

Stofnað var til Íslensku lýðheilsuverðlaunanna árið 2023 að frumkvæði forseta Íslands í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið, embætti landlæknis, Geðhjálp og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Kallað er einu sinni á ári eftir tillögum frá almenningi að verðugum

verðlaunahöfum og fjallar valnefnd um tillögurnar. Verðlaunin eru veitt í tveimur flokkum fyrir mikilsvert framlag til eflingar lýðheilsu á Íslandi, annars vegar í einstaklingsflokki og hins vegar í flokki starfsheilda.

Meginverkefni þessarar áætlunar um framkvæmd lýðheilsustefnu til fimm ára eru sett fram undir lykilviðfangsefnum lýðheilsustefnu sem hafa það að markmiði að vera til leiðbeiningar um forgang og áherslur í lýðheilsustarfi stofnana á málefnasviði heilbrigðisráðuneytisins.

Lykilviðfangsefni lýðheilsustefnu eru þau sömu og í heilbrigðisstefnu þ.e. forysta til árangurs, rétt þjónusta á réttum stað, fólkið í forgrunni, virkir notendur, skilvirk þjónustukaup, gæði í fyrirrúmi og hugsað til framtíðar.

### **1. Forysta til árangurs.**

Áhersla er lögð á markvissar aðgerðir hins opinbera og annarra til að bæta heilsu, líðan og lífsgæði þjóðfélagshópa.

Meginverkefni til að ná stefnumiðum eru:

- Endurmeta gildandi löggjöf er snýr að lýðheilsu og greina þörf á sérstökum lögum um lýðheilsu.
- Efla þverfaglega samvinnu stjórnvalda, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, til að virkja grunnstoðir í íslensku samfélagi sem sinna lýðheilsuáðgerðum og í samstarfi við frjáls félagasamtök, til dæmis íþróttahreyfinguna.
- Lýðheilsumat verði hluti af sjálfbærnimati á frumvörpum og þróaðir verði gátlistar ásamt leiðbeiningum um framkvæmd þess.
- Kveða með skýrari hætti á um stjórnsýslu sóttvarna.
- Vinna að heildarendurskoðun á lögum um geislavarnir.
- Efla og auka alþjóðasamvinnu á sviði lýðheilsu s.s. Evrópusamstarf og norrænt samstarf.

### **2. Rétt þjónusta á réttum stað.**

Áhersla er á að er styrkja heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað í heilbrigðiskerfinu með áherslu á heilsuefningu og forvarnir, nýta nýjungar í tækni, bæta aðgengi viðkvæmra hópa og ryðja úr vegi hindrunum sem hamla tækifærum til að lifa heilbrigðu lífi.

Meginverkefni til að ná stefnumiðum eru:

- Styðja áfram með skipulögðum hætti við verkefni heilsueflandi samfélög, heilsueflandi skóla og aðrar heilsueflandi aðgerðir í sveitarfélögum, sem fela í sér að stuðla að góðri andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan.
- Vinna með heilsugæslu að heilsueflandi þjónustu og tengja við heilsueflandi samfélög.
- Kynna með skýrari hætti íslenska forvarnarmódelið til forvarna og heilsuefningar, svo sem varðandi áfengisnotkun, tóbak, nikótínvörur, mataræði, hreyfingu, svefn, skjánotkun og neyslu orkudrykkja.
- Kynna með skýrari hætti hvernig beita má hegðunarvísindum til eflingar lýðheilsu.

### 3. Fólkið í forgrunni.

Áhersla er á að skapa umhverfi þar sem fólk á auðvelt með að stunda heilbrigðan lífsstíl óháð aldri, félagslegum bakgrunni eða öðrum hindrunum.

Meginverkefni til að ná stefnumiðum eru:

- Stuðla að auknu heilsulæsi almennings meðal annars í samvinnu við sveitarfélög, íþróttafélög, skóla, félagasamtök og vinnustaði, um gildi forvarna og heilsueflingar og ábyrgð einstaklings á eigin heilsu.
- Vinna markvisst að því að bæta líðan ungmenna, draga úr einmanaleika og notkun ávanabindandi efna, s.s. nikótíns og koffíns, á grundvelli íslenska forvarnarmóðelsins.
- Vinna markvisst að því að auka þátttöku í skimun fyrir krabbameinum.

### 4. Virkir notendur.

Áhersla er lögð á virka og ábyrga þátttöku almennings með því að tryggja góðan aðgang að upplýsingum og þekkingu, svo sem á heilsugæslustöðvum og um rafræna notendagátt eins og Heilsuveru, til að almenningur geti tekið upplýstar ákvarðanir um heilsueflingu og forvarnir.

Meginverkefni til að ná stefnumiðum eru:

- Efla rafræna upplýsingamiðlun um heilsueflingu og forvarnir á breiðum grunni. Þróun og sjálfvirkni rafrænna lausna Heilsuveru verði eflað og hvatt til aukinnar notkunar.
- Efla heilsueflandi móttöku innan heilsugæslunnar um land allt þar sem boðið verði upp á ráðgjöf um heilbrigðan lífsstíl fyrir einstaklinga og hópa.

### 5. Skilvirk þjónustukaup.

Áhersla er á að stuðla að hagkvæmum og markvissum lýðheilsuverkefnum sem eru í samræmi við stefnu stjórnvalda og þarfir notenda.

Meginverkefni til að ná stefnumiðum eru:

- Hagnýta með skýrari hætti aðgengileg gögn til að meta kostnaðarhagkvæmni lýðheilsuáðgerða.
- Innleiða heilbrigðistæknimat.
- Lýðheilsusjóður eflur til að styðja við mikilvæg lýðheilsuverkefni og reglur sjóðsins endurskoðaðar.
- Koma á nýrri skimunarskrá fyrir krabbamein.
- Hefja lýðgrundaða skimun fyrir ristil- og endaparmskrabbameini.
- Koma á bólusetningum fyrir influensu og rötaveiru hjá börnum og setja af stað tilraunaverkefni um forvarnir gegn RSV-sýkingum hjá ungbörnum.

## 6. Gæði í fyrirrúmi.

Áhersla er á að byggja upp sterka grunnstoð fyrir lýðheilsustarf, með áherslu á vísindalega nálgun, gagnasöfnun, samanburð og faglega þróun. Þá er lögð áhersla á að nauðsynleg gögn séu tiltæk til að meta árangur og framþróun í lýðheilsustarfi, að niðurstöður um árangur í lýðheilsustarfi sé birtar og að gögn séu samanburðarhæf milli landsvæða og við önnur lönd.

Meginverkefni til að ná stefnumiðum eru:

- Efla með markvissum hætti lýðheilsustarf sem byggir á bestu mögulegu gögnum, mælingum og gagnreyndri þekkingu.
- Unnið verði að frekari þróun lýðheilsuvísa sem settir eru fram í mælaborði lýðheilsu og nýtist við vöktun.
- Lýðfræðilegum breytum í lýðheilsuvísu verði fjölgað.
- Efla vöktun ávana- og fíkniefna með forvirkum aðgerðum s.s. í frárennslisvatni og í innflutningi og vinna þannig gegn ólöglegum og hættulegum efnum í dreifingu.

## 7. Hugsað til framtíðar.

Áhersla er lögð á að allar aðgerðir stuðli að bættri lýðheilsu þjóðarinnar og að áætlanir miði að því að bæta og vernda heilsu almennings til lengri tíma litið.

Meginverkefni til að ná stefnumiðum eru:

- Unnið að því að mæta áskorunum sem felast í breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar og leggja áherslu á heilsuefningu og aukið heilsulæsi með sérstaka áherslu á eldri kynslóðir.
- Innleiða aðgerðir í aðgerðaáætlun um heilsuefningu aldraðra og samþætta við verkefnið „Gott að eldast“ sem felur í sér heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk.
- Styðja við lýðheilsutengd verkefni á sviði umhverfismála, þar með talið um sjálfbærni, loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni.
- Unnið að endurmati á aðgerðum til næstu 5 ára í krabbameinsáætlun.
- Unnið að uppfærslu áfengis- og vímuvarnarstefnu sem nær til forvarna, meðferðarúrræða, eftirfylgni meðferða, endurhæfingar og lagaumhverfis.
- Unnið að stefnumótun í skaðaminnkun og aðgerðaáætlun.
- Innleiða aðgerðaáætlun um sýklalyfjaónæmi samkvæmt fyrirliggjandi áætlun.
- Unnið að gerð nýrrar stefnu í sjálfsvígsforvörnum.
- Unnið að markmiðum og tillögum að aðgerðum í skýrslu starfshóps um offitu, holdafar, heilsu og líðan.
- Áframhaldandi innleiðing aðgerða í aðgerðaáætlun geðheilbrigðismála sem snúa að heilsuefningu og forvörnum.
- Viðhalda árangri sem náðst hefur á liðnum árum í áfengisforvörnum.
- Viðhalda árangri sem náðst hefur í forvörnum gegn tóbaksnotkun og vinna markvisst gegn notkun nikótínvara.